

Guðmundur Björgvins-son sýnir á Kjarvalsstöðum

Guðmundur Björgvins-son sýnir myndir að Kjarvalsstöðum dagana 22.-30. nóvember en alls sýnir hann eitt hundrad verk. 55 pastelmyndir og afgangurinn eru myndir gjörðar með prentlitum og tússi.

Maðurinn er helsta myndefnið.

Umhugsun um manninn

Guðmundur Björgvins-son er ungur að árum, fæddur árið 1954. Hann sýndi fyrst í sýningarsal Arkitektafélagsins við Grensásveg fyrir tæpum fimm árum, og þá voru það einkum finlegar pennateikningar, ef ég man rétt. Fremur veikt spil myndlistarlega, en þessi sýning bar þó vitni um gott handbragð sem auðvitað er ein af forsendum þess að geta orðið líftækur á þessu sviði.

Eins og að framan var sagt, þá eru yrkisefni Guðmundar Björgvins-sonar tengd mannum eða mannslikamanum fyrst og fremst og hann virðist skoða manninn frá mörgum hliðum. Ef lítið er yfir námsferilinn er hann fremur óvenjulegur fyrir myndlistarmann, þótt einsdæmi sé hann ekki. Guðmundur stundaði nám á árunum 1974-1976 við Universit- of Redlands í Kaliforníu og lærði þar mannfræði, sálarfræði og myndlist (teikningu skúlptúr og

stöðum

listasögu) en á árunum 1976-1978 var hann við nám við Háskóla Íslands og sótti þá tíma í mannfræði, sálarfræði, íslenskum bókmenntum, listasögu og frumlíf- fræði, en þessi sálastalda kemur um þessar myndir mjög við sögu í

Jónas Guðmundsson MYNDLIST

listum á Íslandi sem er einkenni- leg tilviljun.

Af þessu sjáum við að Guðmundur Björgvins-son hefur rann- sakað manninn nokkuð, bæði að utan og innan ef svo má að orði komast.

Vorverk

A seinustu sýningu er undir- ritaður sá hjá þessum listamanni, sem mun hafa verið í Norræna húsinu fyrir tveim árum fylgdu myndunum, sumum að minnsta kosti yfirlýsingar í rituðu máli og þessari sýningu fylgja tvö kvæði annað eftir Guðmund. en hitt eftir Birgi Sveinsson og þótt kvæði komi myndum lítið við, alveg sér-

staklega, má þó af þeim ráða hugsun og hugarheim þeirra er yrkja eða gefa ritabár yfirlýsing- ar með myndum.

Ljód Guðmundar er við mynd no. 6 og hljóðar svo:

Það var vor í lofti fuglarnir eðluðu sig í grasinu og bílarnir þutu framhjá urrandi af hrifningu eftir snjóþungan vetur.

Við gengum eftir gangstéttinni með hugann fullan af vorverkum próf framundan og margt ógert sem of langt yrði upp að telja.


En brúmið hélt áfram að vaxa eins og ekkert væri sjálfsagðara

Og við gengum eftir gangstéttinni með sumarið hinum megin við ómálaba grindverkið".

Það fer vel á að birta þetta kvæði, því einmitt nú stendur svona á fyrir listamanninum, vorönnun er að mestu lokið og tími gróanda og uppskeru er á næsta leiti.

Guðmundur Björgvins-son gerir pastelmyndir sínar af mikilli íþrótt, það er still yfir handbragði hans og rökrin eru djúp.

Ef til vill er dálítið ofsagt í



Guðmundur Björgvins-son, myndlistarmaður. Tímamynd: GE

hverri mynd, þannig að hið dular- fulla og óráða er þerrað á brott. Bestu myndirnar í pasteiflokkn- um eru nefnilega þær, er skilja eitthvað eftir handa áhorfandan- um til þess að hugleða og er þá átt við þær myndir sem ekki eru af frægum andlitum, en um það bil 10 myndir eru af frægum mönnum, eins og Pablo Picasso og Albert Einstein, og svo af inn- lendu frægðarfólki líka.

Þær myndir staðfesta íþróttina eða tæknina því þar getur áhorf- andinn gjört sinn samanburð.

Í prentlitum og tússi, mynda- flokki eða smámyndum, er lík- lega að finna það athyglis-

verðasta á þessari sýningu. Þar fær áhorfandinn að vera skáld líka, því þar verða menn að upp- lifa myndirnar á annan og skemmtilegri hátt, en þar sem allt er tilreitt út í hörgul, eins og í sumum pastelmyndanna.

Guðmundur Björgvins-son stendur nú á þeim tímamótum, að hann verður að skapa tækni sinni nýjan farveg, og ég held að í þess- um smámyndum sé að finna áhugaverða leið.

Það hefur verið fróðlegt að fylgjast með þróuninni hjá þess- um framsækna listamanni og lík- lega verður framhaldið ekki síðra en það sem líðið er.

Jónas Guðmundsson

Jólabasar Félags fram- sóknarkvænna í Reykjavík

— verður að Hótel Heklu

BSt — Félag framsóknarkvænna í Reykjavík heldur sinn árlega jólabasar laugardaginn 6. desember nk. að Hótel Heklu. Basarinn hefst klukkan 14.00.

Þarna verða á boðstólum ógrýnni af falletum handunum

jólavörum, svo sem dúkum og ýmiss konar skreytingum. Einnig verður mikið úrval af kökum sem bakaðar eru af félagskonum. Sér- stök athygli er vakin á hinu ljúf- fenga laufabrauði, sem selt verður á basarum, í 5 stykkja og 10 stykkja þökkum.

Félagskonurnar hafa um lang- an tíma komið saman einu sinni í viku til að undirbúa basarinn og hafa afrekað ótrúlega miklu af skemmtilegum gripum auk þess sem enn er verið að vinna að bakstri bæði laufabrauðs og ann- ars jólabakkelsis.



Það er mikil vinna við bakstur- inn. Frá vinstri sjáum við: Kristínu Sigvaldad., Helgu Þórðardóttur, Sigurveigu Gunnarsdóttur, Rannveigu Gunnarsd., Guðrúnu Jónsd. og Ingibjörgu Helgadóttur. (Tímamynd GE)

Þær eru niðursokknar í að skera út laufabrauðið. Til vinstri er Guðrun Hjartar, en Sigrún Jónsdóttir til hægri. Bak við Sigrúnu sést í Margréti Frederiksen. (Tímamynd GE)



Frá fyrsta fundi stjórnar gerðardómsins, talið frá vinstri: Guðmundur Pétursson, Gunnar Petersen, Jóhann J. Ólafsson, Sveinn Snorrason, Gunnar Asgeirsson, Baldur Guðlaugsson og Sigvaldi Þorsteinsson.

Gerðardómur Verslunarráðs Íslands:

Tekinn til starfa

EKJ — Verslunarráð Íslands hefur nú nýverið sett á stofn gerðardóm í viðskiptamálum. Reglugerð fyrir dóminn hefur verið staðfest af stjórn Verslunarráðsins og er stjórn hans skipuð þannig: Sveinn Snorrason hrl. formaður, Guðmundur Pétursson hrl. og Gunnar Asgeirsson, stórkaupmaður. Varamenn eru Jóhann J. Ólafsson, stórkaupmaður, Baldur Guðlaugsson hdl. og Gunnar Pedersen stórkaupmaður. Stjórn dómsins er tilbúin til að hefja störf.

Aðilar geta samið um, að komi til ágreinings vegna tiltek- inna viðskipta skuli gerðar- dómur V.Í. skera úr. Sé ekki samið um slíkt fyrirfram geta aðilar einnig vísað til dómsins, verði þeir ásáttir um það.

Mál þau, sem dómurinn kemur væntanlega til með að fjalla um eru þau mál, sem annars væru rekin fyrir sjó- og verslunardómi eða sættu úr- lausn erlendra gerðardóma. Má þar nefna hverskonar vaneindir viðskiptasamninga, svo sem vanskil, seinkun afhendingar eða viðtöku, galla á vöru, ósam- ræmi sýnishorns og afhentar vöru, svo að nokkur dæmi séu nefnd. Í mörgum tilvikum hafa íslenskir kaupþýslumenn orðið

að sæta ákvæðum í viðskipta- samning um lögsögu gerðar- dóms í landi gagnabílans, vegna þess að ekki var kostur á ís- lenskum gerðardómi. A þetta einkum við um viðskipti við lönd Austur-Evrópu, en rekstur mála fyrir gerðardómum þar getur verið ýmsum annmörkum háður. Tilvist íslensks gerðar- dóms réttlætir a.m.k. að máli sé vísað til gerðardóms hlutlaus lands, geti hvorugur aðili fallist á gerðardóm hins.

Málsmeðferð gerðardóms tekur að jafnaði skemmi tíma en almennra dómstóla. Í reglu- gerð gerðardóms V.Í. er t.d. tekið fram, að úrskurður skuli felldur eigi síðar en hálfu ári eftir að dómurinn voru til- nefndir, nema sérstakar ástæður séu fyrir hendi.

Úrskurðir gerðardóms eru endanlegir og bindandi fyrir málsaðila, að því er snertir efni máls, og verða ekki bornir efnislega undir almenna dómstóla. Hinsvegar eru úrlausnir gerðardóms ekki aðfararhæfar, og getur þurft að leita aðstoðar dómstóla við fullnustu þeirra, inni dómþoli ekki af hendi greiðslur, sem hafa verið úr- skurðaðar. Dómstóll myndi hinsvegar byggja á úrskurði gerðardómsins þar sem hann er endanlegur og bindandi.